

Stjórnarfundur FASK

22. fundur 26. Maí 2023 kl 08:00

Mættir: Fundurinn haldinn í húsnæði AFLs - Víkurbraut: Haukur Ingi Einarsson, Laufey Guðmundsdóttir, Tinna Rut Sigurðardóttir

1. Fundur FASK um framtíðarsýn í ferðapjónustu

Rætt var um góðan fund, þar sem Ragnhildur Jónsdóttir kynnti helstu niðurstöður vinnu sinnar um viðhorf íbúa, starfsmanna, fyrirtækjaeigenda og stoðaðila, til ferðapjónustu í SVH

Rætt var um mikilvægi þess að fylgja málinu eftir með því að kynna fyrir VJP hugmyndir um samningaleið samkvæmt minnisblaði um atvinnutengda starfsemi, þar sem lögð verði áhersla á að VJP leiti leiða til að semja við núverandi rekstraraðila um áframhaldandi starfsemi, ramma inn skyldur aðila þannig að megin markmiðum VJP nái fram að ganga.

Jafnframt óska eftir því að SVH taki málefni VJP, m.a atvinnustefnu hans inn í nefndarstarf SVH. Eitt af megin markmiðum með stofnun VJP var að styrkja byggð í nærsamfélagi Þjóðgarðsins. Án þess markmiðs má draga í efa að Þjóðgarðurinn hefði verið stofnaður á sínum tíma. Nú er mikilvægt fyrir SVH að hagnýta þá kosti sem VJP hefur uppá að bjóða til að styrkja og efla byggð þannig að blómlegt samfélag geti haldið áfram að þróast á sjálfbæran hátt og á forsendum þess samfélags sem byggir nærsamfélag VJP.

Hauki falið að óska eftir fundi með Framkvæmdastjóra VJP og Formanni Svæðisráðs VJP og Þjóðgarðsverði um hugmynd að samningaleið við rekstraraðila.

2. Önnur mál

Haukur gerði grein fyrir fundi sem hann átti með Steinunni Hödd, þar sem Steinunn kynnti hugmyndir VJP að gjaldtöku fyrir atvinnutengda starfsemi á Breiðamerkurjökli og hvernig fjármunum yrði ráðstafað í, utanumhald, viðhald vega, stýringu, eftirlit, lengingu vega o.fl þátta á Breiðamerkurjökli. Um er að ræða gjaldtöku sem yrði miðuð út frá

notkun bíla og að greitt yrði mánaðargjald fyrir hvern bíl, m.v mismunandi stærð bíla. Fram kom að hugmyndir VJÞ, væru að hafa gjaldtökuna og allt sem henni tengist opið, þannig að rekstraraðilar geti skoðað í hvað gjöldin fara, rætt var um viðhald á vegi, lengingu á vegi, samninga til tveggja ára og stýringu á vegi.

Fundi slitið 9:30